

Alþingi

Erindi nr. P 130/2213

komudagur 28.4.2004

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til útvarpslaga o.fl., 337. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/2036
komudagur 21.4.2004



Nefndsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Sigrún Brynja Einarasdóttir
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 2. apríl 2004

Tilvísun: HI04030086/004

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 25. mars sl., þar sem Háskóla Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið o.fl. þætti sem varða útvarpsrekstur ríkisins.

Háskólinn þakkar að fá tækifæri til þess að veita umsögn um þetta málefni. Mikilvægt er að staða Ríkisútvarpsins, eins og annarra meginstofnana ríkisins, sé til stöðugrar og víðtækrar umfjöllunar með tilliti til þess hvernig markmiðum þeirra verður best náð.

Af hálfu Háskólans er þó ekki tekin afstaða til helstu atriða frumvarpsins, en bent skal á að ýmsar leiðir eru færar til þess að bregðast við þeim annmörkum sem flutningsmenn telja að hái ríkisrekstri. Á þetta einkum við um þær ríkisstofnanir, sem fyrst og fremst veita almenningi þjónustu en fara einungis að óverulegu leyti með eiginlegt framkvæmdavald af hálfu ríkisins. Meðal þess sem bent hefur verið á í því sambandi, er að rýmka megi þann lagaramma sem þessar stofnanir búa við og auka svigrúm þeirra til þess að þróa þjónustuna, án þess þó að um gagngera breytingu á rekstrarformi sé að ræða.

Virðingarfyllt

Páll Skúlason
háskólarektor

Reykjavík, 13. apríl 2004

Umsögn um *Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.*

130. löggjafarþing 2003–2004.


Þskj. 407 — 337. mál.

Íslenskri málnefnd hefur borist bréf, dagsett 25. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Málnefndin tók erindið fyrir á fundi sínum í dag. Hún vill minna á mikilvægi þess sem fram kemur í kaflanum um skyldur útvarpsráðs, einkum eftirfarandi málsgrein á bls. 2:

Éfni sem sent er út skv. 4. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu og menningararfleifð

Íslensk málnefnd telur mikilvægt að rækt við íslenska tungu sé tryggð í útvarpslögum.

Virðingarfyllst,



Guðrún Kvaran

formaður Íslenskrar málnefndar

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1832
komudagur 16.4.2004

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 R.

Reykjavík, 14. apríl 2004.

Með bréfi dagsettu 25. marz sl. var vísað til umsagnar Ríkisútvarpsins frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Erindið barst Ríkisútvarpinu skömmu fyrir páska og hefur því fengið flýtimeðferð hjá undirrituðum vegna skilafrests sem rennur út hinn 14. apríl en það hefur ekki verið lagt fyrir útvarpsráð þar eð næsti fundur þess eftir að bréfið barst verður ekki haldinn fyrr en 20. apríl n.k.

Á undanförunum 15 árum hafa orðið umtalsverðar breytingar i ljósvakamiðlun um alla Vestur-Evrópu og víðar um heim. Þar sem fjölmiðlar í almannapágu, fjármagnaðir með afnotagjöldum einvörðungu, eða afnotagjöldum og auglýsingum, voru alls ráðandi áður og nutu einkaleyfa, hafa fjölmargir nýir miðlar í einkaeign, sem starfa eftir lögmálum markaðarins komið til sögunnar og háð samkeppni á auglýsinga- og áskriftamarkaði. Við þá breytingu dró töluvert úr áhorfi og hlustun á hina hefðbundnu ríkisfjölmiðla í almannapágu og jafnframt hefur staðið lífleg umræða um framtíðarskipan fjölmiðlunar og hverju hlutverki fjölmiðlar í almannapágu (public service broadcasters) eigi að gegna innan þess heildarsviðs.

Andstætt því sem ýmsir spáðu í fyrstu hefur aukið frelsi til reksturs ljósvakamiðla orðið til þess í seinni tíð að almenningur og stjórnvöld leggja æ þyngri áherzlu á áframhaldandi hlutverk almannapjónustumiðla. Meðal annars er þeim ætlað umfangsmeira hlutverk en áður með tilkomu stafrænna útsendingarrása, sem veita kost á aukinni fjölbreytni með margvislegu sérefni í dagskrá, svo og netmiðlun. Dagskárframboð hinna nýju miðla í einkaeign, sem þjóna fyrst og fremst því markmiði að skila eigendum sínum arði, þykir steipt í sama mót. Þrátt fyrir að sett hafi verið skilyrði við úthlutun rekstrarleyfa um tiltekna dagskrárstefnu, svo sem varðandi fréttir, fréttaskýringar og innlent dagskrárefni, hafa þær reglur oftast en ekki verið virtar að vettugi þegar á hefur reynt og litlum eftirrekstri eða viðurlögum verið við komið.

Vegna þessarar þróunar hafa augu manna í vaxandi mæli opnast fyrir nauðsyn þess að almannavaldið eigi að hafa og geti haft meira að segja varðandi stefnumótun í megindráttum í þessum mikilvæga málaflokki með því að efla almannaþjónustumiðlana sem kjölfestu er veiti tryggingu fyrir kjarnaþjónustu í anda lýðræðislegrar umræðu og ræktarsemi við þjóðmenningu í viðkomandi landi eða svæði, eins og starfsemi þeirra hefur reyndar þróast í 80 ár eða lengur.

Að undanfögnu hafa farið fram ítarlegar umræður um framtíð BBC í Bretlandi vegna endurskoðunar stofnsamnings þess, sem ljúka á 2006. Þrátt fyrir öflugan starfsemi einkafyrirtækja á þessum markaði í Bretlandi hefur æ betur komið í ljós stuðningur ráðamanna og almennings við lítt breytta megin stefnu varðandi framtíð BBC sem fjölmiðils í almannabágu, sem reka eigi áfram með svipuðum hætti og hingað til en ekki að leggja það niður, einkavæða eða selja.

Sömu sögu er að segja almennt um viðhorf annars staðar í Evrópu og þá á Norðurlöndunum sérstaklega. Er staða hinna ríkisreknu miðla áframhaldandi mjög sterk og engin hreyfing í þá veru að hætta rekstri þeirra eða einkavæða þá. Víða er nú rætt um skynsamlegustu leiðir til að fjármagna starfsemi þeirra með tilliti til heildarhagsmuna og hlutverks, en þó ekki síður krafna um eðlilega samkeppni í því markaðsumhverfi sem nú er fyrir hendi í þessum geira. Í því samhengi er fjallað um kosti og galla á innheimtu afnotagjalda, persónuskatts, áskriftar- og auglýsingatekna eða beinna fjárveitinga á fjárlögum viðkomandi ríkja. Um þau atriði eru uppi skiptar skoðanir og þar má huganlega gera breytingar án þess að horfið sé frá grundvallarreglunni um opinberan rekstur fjölmiðla í almannabágu, svo sem gert hefur verið í Hollandi og Kanada, þar sem þeim eru tryggð bein framlög á fjárlögum, sem hafa þó haft tilhneigingu til að fara lakkandi eftir því hvernig pólitískir vindar hafa blásið.

Tímabundinn fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er þess eðlis að hann verður leystur ef vilji er fyrir hendi án þess að kollvarpað sé allri tilvist stofnunarinnar og þeim grundvelli, sem hún hefur staðið á traustum fótum í tæp 75 ár. Sama málir gegnir um skilgreiningu á eðli tekjustofna hennar til frambúðar. Þeir gætu tekið breytingum án þess að þeim gildum sem höfð eru að leiðarljósi með starfsemi Ríkisútvarpsins sem þjóðmenningarstofnunar verði kastað fyrir róða.

Í stuttu máli má segja að skyldur Ríkisútvarpsins séu þríþættar gagnvart notendum og eigendum þess, þ.e. að upplýsa og mennta þá og veita þeim afþreyingu. Árið 1999 birti hið þekkta ráðgjafafyrirtæki McKinsey skýrslu um stöðu fjölmiðla í almannabágu (sjónvarps) í heiminum og framtíð þess. Skýrslan var gerð að frumkvæði BBC. Í skýrslunni voru kannaðir 20 markaðir í fjórum heimsálfum. Í hverju tilviki var meðal annars kannað samkeppnisumhverfi, núverandi þátttakendur, markaðshlutdeild þeirra, einkenni dagskrárefnis, sérkenni, fjármögnun ásamt þróun markaðarins á hverjum stað. McKinsey bar saman stefnu ríkisstöðva á hverjum stað og fann hvað auðkennir þær stöðvar sem bezt virðast búnar til að mæta ögrun hinna nýju markaðsaðstæðna.

Helztu niðurstöður skýrslunnar voru þær að öflugt ríkisútvarp getur gegnt mikilvægu hlutverki á flóknum samkeppnismarkaði nútímans. McKinsey komst að því að í umhverfi

þar sem velja má um margar rásir nær ríkisútvarp hvað beztum árangri, þegar það útvarpar metnaðarfullri dagskrá og þrýstir einnig á keppinautana að gera það sama. Sums staðar í heiminum hefur stjórnvöldum tekizt að ná einhverjum árangri með því að setja reglur um einkaútvarp. Rannsóknin sýndi þó að ríkisútvarp er æskilegasta rekstrarformið. Það skapar bæði þrýsting að því er varðar að efla gæði dagskrár almennt og markaðslegan þrýsting gagnvart einkaútvarpi, sem stuðlar að því að einkaútvarp uppfylli væntingar þjóðfélagsins. Þetta gerist með ákveðinni gæðahringrás. Ríkisútvarp hefur burði til að taka áhættu með nýsköpun og getur því gert nýtt, vandað dagskrárefni sem í sumum tilvikum getur náð miklum vinsældum. Þetta verður einkastöðvunum hvatning til að skapa sitt eigið efni af sama tagi. Til að þessi gæðahringrás verði til þarf ríkisútvarp að hafa nægilegt áhorf (og/eða hlustun) en halda þó sérstöðu sinni gagnvart keppinautum í einkageiranum. Þetta er samkvæmt skýrslunni bezt gert með dagskrá þar sem jafnvægi ríkir á milli áhorfs (og/eða hlustunar) og gæða. Ríkisstöðvar sem byggja á þessu jafnvægi hafa verulega áhorfs- og hlustunarhlutdeild þó þær haldi sérstöðu sinni og uppfylli skyldur sínar um almannajónustu.

Í ljós kom að fjármögnun með afnotagjaldi veitir ríkisútvarpi traustastan fjárhag þegar til lengri tíma er litið. Traustur fjárhagur gerir ríkisútvarpi kleift að taka áhættu með því að fjárfesta í sérstæðum tegundum dagskrár og í nýrri þjónustu. Einkareknir miðlar taka sjaldnast áhættu af þessu tagi.

Skilyrðin fyrir því að árangur náist samkvæmt skýrslunni eru eftirfarandi:

- Fjölbreytt dagskrá
- Blönduð gæðadagskrá
- Veruleg markaðshlutdeild
- Næg og trygg fjármögnun
- Hagkvæmur rekstur


Árið 1996 vann starfshópur í umboði útvarpsstjóra að mótun tillagna um framtíðarsýn fyrir Ríkisútvarpið. Hópurinn lagði áherzlu á að Ríkisútvarpið þyrfti að halda vöku sinni til að verja sterka stöðu sína í vaxandi innlendri og erlendri samkeppni. Það þyrfti að geta brugðizt hratt við breytum aðstæðum. Hópurinn taldi að slíkt yrði bezt tryggt með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í eigu ríkisins. Var í því sambandi bent á breytingar á rekstrarformi NRK, Norsk rikskringkastning í Noregi, sem er hlutafélag í eigu norska ríkisins. Hefur það rekstrarform reynzt mjög heppilegt og aukið sjálfstæði fyrirtæksins, að sögn forráðamanna þess en það var áður hreinræktuð ríkisstofnun og síðar sjálfseignarstofnum um stutta hríð en það fyrirkomulag þótti ekki gefast vel. Fyrir liggja yfirlýsingar ráðamanna í Noregi um að NRK, hlutafélag í eigu norska ríkisins, verði alls ekki selt.

Á sama hátt leggst undirritaður eindregið gegn því að Ríkisútvarpið verði markaðsvætt og selt. Þá beri einnig að gjalda varhuga við þeim hugmyndum að öll dagskrárgerð, í smáu og stóru, verði alfarið á útboðsmarkaði eins og lesa má út úr frumvarpinu.

Ríkisútvarpið hefur að flestu leyti styrkari stöðu í islenzku þjóðlífi en sambærilegir miðlar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu gera í samfélögum sínum. Hvergi er áhorf á sjónvarpsfréttir og hlustun á útvarpsfréttir hlutfallslega jafnmikil og hjá Ríkisútvarpinu, og óvíða njóta einstakir dagskrárþættir jafnmikilla vinsælda. Stuðningur almennings við Ríkisútvarpið er áberandi mikill. Í viðhorfskönnun Gallup 2002 kom fram að 73,7% landsmanna telja Ríkisútvarpið mikilvægast fjölmiðila fyrir þjóðina, dagblöð meðtalin. Í þessari sömu könnun kom fram að 27% töldu að einkavæða ætti Sjónvarpið, 15,5% Rás 1 og 33,3% Rás 2. Þegar spurt var hvaða rekstrarform ætti að vera á Ríkisútvarpinu til frambúðar töldu 48,5 % að það ætti áfram að vera ríkisstofnun, 31% hlutafélag í eigu ríkisins og 20,5% sjálfseignarstofnun.

Þarna komu fram sterkar vísbendingar um að meginefni umrædds frumvarps, þ.e. sala og einkavæðing Ríkisútvarpsins, sé í algjörri mótsögn við vilja þorra Íslendinga.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/2465

Þriðjudagur 19.5.2004

Suðurnesjum 14. maí 2004.

*Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um frumvarp til útvarpslaga o.fl., 337 mál.

Á stjórnarfundum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 13. maí s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 25. mars 2004 þar sem óskað var til umsagnar frumvarp til útvarpslaga o.fl., 337 mál, stofnun hlutafélags, útvarpsgjald o.fl.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1905
komudagur 16.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 13.04.2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, 337. mál.

Samtökum atvinnulífsins (SA) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, 138. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að RÚV verði einkavætt, stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu, og njóta þá forgangs um kaup á hlutafé á lækkuðu verði. RÚV hf. mun njóta forgangs til verkefna fyrstu þrjú árin. Með samþykki frumvarpsins væri skylduáskrift landsmanna að ríkisfjölmíðlum lokið. Í staðinn verður persónuafsláttur lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári. Útvarpsráð fengi þessar tekjur á fjárlögum til ráðstöfunar en þetta eru sömu tekjur og Ríkisútvarpið hefur nú af innheimtu útvarpsgjalds að frádregnum kostnaði við rekstur innheimtudeildar RÚV.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að útvarpsstöðvar fái allar jafnt færi á að sinna því hlutverki sem Ríkisútvarpið gegnir nú samkvæmt útvarpslögum: Að gegna öryggishlutverki á hættutímum, flytja fréttir og skoðanaskipti, standa vörð um íslenska tungu, menningararfleifð og sögu þjóðarinnar, flytja lista og menningarefni, fræða hlustendur, flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn og senda dagskrána út til landsins alls. Þess vegna er rétt að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu falli niður. Með útboðum gefst keppinautum Ríkisútvarpsins kostur á að bjóða betri dagskrá fyrir lægra verð en Ríkisútvarpið gerir nú - ef þeir geta. Ef í ljós kemur að Ríkisútvarpið er best fallið til þessa hlutverks mun það sinna því áfram. Nauðsynlegt er að allir sitji við sama borð í þessum útboðum. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag, svo að ábyrgð ríkisins hverfi og reikningar þess gefi rétta mynd af kostnaði við reksturinn. Forsendur fyrir sérstökum "afnotagjöldum" til RÚV eru ekki lengur fyrir hendi eftir að einkareknar stöðvar hófu starfssemi. Sérstök afnotagjaldtaka RÚV á "fyrirtækjabifreiðar" en ekki á einkabifreiðar, án þess að lagastoð sér fyrir slíkri mismunun, sýnir vel þær ógöngur sem kerfið er komið í.

Samtökin mæla með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/1697
komudagur 7.4.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 6. apríl 2004

Efni: Frv. til I. um br. á útvarpsl., lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekju- og eignarskatt (337. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur lengi bent á nauðsyn þess að fyrirkomulagi útvarpsmála hér á landi verði breytt. Mikilvægt er að hafa í huga að hlutafélag getur haft önnur markmið með starfsemi sinni en hagnað. Hlutafélagsformið hefur sýnt yfirburði sína gagnvart öðrum félagaförum og nýtist þetta form vel þótt markmið eigenda kunni að vera annað en að skapa fyrst og fremst fjárhagslegan arð. Ofangreint frumvarp er vel til þess fallið að auka samkeppni á sviði fjölmiðlunar og vinnslu menningarefnis. Með útboðum er leitað eftir hinu eina rétta markaðsverði. Með aukinni markaðsvæðingu opinberrar þjónustu verður samningsaðila hins opinbera leitað með samkeppni sem kallar á aukið aðhald í rekstri.

Verslunarráð tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu. Mikill kostnaður fylgir t.a.m. innheimtu afnotagjalda og er núverandi fyrirkomulag afar ósamngjarnt. Verslunarráð fagnar þessu frumvarpi og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigpríður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is